

Fundargerð

269. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 28. febrúar 2025, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Ásdís Kristjánsdóttir situr fundinn gegnum fjarfundarbúnað.

Sturla Jónsson endurskoðandi SHS frá Grant Thornton, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SHS, og Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi SHS, sitja fundinn undir dagskrárliðum 1 - 4.

1. Breyting á stjórn SHS í febrúar 2025 - 2502018

Heiða Björg Hilmisdóttir tekur við formennsku í stjórn SHS af Einari Þorsteinssyni í kjölfar borgarstjóraskipta í Reykjavík.

Niðurstaða

Heiða Björg boðin velkomin til starfa í stjórn SHS.

2. Ársreikningur SHS 2024 - 2502011

Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri SHS kynnir ársreikning 2024. Sturla Jónsson ytri endurskoðandi og Lárus Finnbogason formaður endurskoðunarnefndar kynna niðurstöður sínar. Ársreikningurinn borinn upp til staðfestingar.

Niðurstaða

Ársreikningur SHS staðfestur og undirritaður.

Fylgiskjöl

SHS 269 2.1 Ársreikningur 2024.pdf

SHS 269 2.2 Umsögn ESKN um ársreikning 2024.pdf

SHS 269 2.3 Afgr. endurskoðunarnefndar v. endursk. ársreiknings.pdf

3. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar 2023-2024 - 2502001

Lárus Finnbogason fer yfir starfsemi endurskoðunarnefndar SHS á starfsárinu ágúst 2023 - júní 2024.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 269 3.1 Starfsskýrsla ESKN starfsárið 2023-2024.pdf

4. Innri endurskoðunaráætlun 2025 - 2411048

Ingunn Ólafsdóttir innri endurskoðandi kynnir innri endurskoðunaráætlun ársins 2025.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 269 4.1 Innri endurskoðunaráætlun SHS 2025.pdf

SHS 269 4.2 Afgr. endurskoðunarnefndar v. innri endursk.áætlunar.pdf

5. Framtíðaruppbygging SHS - 2405010

Lögmenn Kópavogs og Reykjavíkur hafa unnið drög að samkomulagi um greiðslu byggingarréttar vegna lóða fyrir starfsemi SHS sem er nú lagt fram til kynningar og verður tekið til afgreiðslu á næsta stjórnarfund.

Niðurstaða

Kynning. Stjórnarmenn fara yfir drögin milli funda og þau verða tekin til afgreiðslu á fundi stjórnar í mars.

Fylgiskjöl

SHS 269 5.1 Drög að samk.lagi um gr. byggingarréttar v. lóða f. starfsemi SHS.pdf

6. 25 ára afmæli SHS 2025 - 2501017

Farið yfir hugmyndir slökkviliðsstjóra í tengslum við 25 ára afmæli SHS 2025.

Niðurstaða

Tillögum slökkviliðsstjóra vel tekið. Stjórnarmenn munu leggja inn gott orð í sínum sveitarfélögum varðandi þátttöku SHS í bæjarhátíðum þeirra á árinu.

7. Önnur mál 2025 - 2501009

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:20.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Pór Sigurgeirsson

